



Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. janúar 2026

Málsnúmer: 202511-0063

NA

Efni: Umsögn – Matskyldufyrirspurn - Mat á umhverfisáhrifum - Stækkun hafnarsvæðis Grundarfjarðarhafnar sunnan Miðgarðs

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, er barst þann 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna matskyldufyrirspurnar um stækkun hafnarsvæðis Grundarfjarðarhafnar sunnan Miðgarðs. Þakkað er fyrir veittan frest til að skila umsögninni.

Grundarfjarðarhöfn áformar uppbyggingu og stækkun á hafnarsvæði sínu, sunnan Miðgarðs í Grundarfjarðarbæ. Fyrirhuguð er stækkun hafnarsvæðisins um 51.100 m² með nýrri 100 m langri stálþilsbryggju ásamt dýpkun framan við viðlegukant á um 8.800 m² svæði. Heildarefnispörf til uppbyggingar hafnarsvæðisins er 315.710 m³. Framkvæmdinni fylgir einnig nýting á efni sem fellur til við landmótun vegna stækkunar iðnaðarsvæðis vestan Kvernár í Grundarfirði auk efnistöku sem ráðgerð er af hafsbotni Grundarfjarðar úr gömlu efnistökusvæði framan við Grundarkamp. Áætlað er að framkvæmdin taki í heild um tvö ár.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan afmarkaðs verndarsvæðis Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eins og fram kemur í greinargerð. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Niðurstaða greinargerðarinnar er að þar sem svæðið er innan eða í mikilli nálægð við hafnarsvæði er talið líklegt að hafnarumsvif hafi þegar áhrif á lífríki á svæðinu og munu því áhrif hennar á vernd Breiðafjarðar vera neikvæð en óveruleg.

Innan núverandi hafnarsvæðis er náttúruleg fjara sem mun fara undir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar er fjaran að mestum hluta líflítill sandfjara en lítill hluti flokkast sem grýttur sandleir og klóþangsfjara. Verndargildi fjörunnar er því ekki metið sérstaklega hátt. Stækkun hafnarinnar mun eyða botndýralífi þar sem hún er reist og breyta lífríki á aðliggjandi svæðum en áhrif á vatnshlot og lífríki sjávar eru metin neikvæð en óveruleg þar sem ekki er talið að lífríki á svæðinu hafi sérstakt verndargildi. Vakin er athygli á því að vernd Breiðafjarðar tekur til landslags- og vistkerfisheildar svæðisins og mikilvægt er að huga að því að framkvæmdin getur einnig haft óbein áhrif út fyrir framkvæmdasvæðið. Botndýralíf á svæðinu sem ætlað er til efnistöku var kannað árið 2024 og bentu gögn til þess að það væri rýrt og einsleitt en þó að frekari rannsókna væri þörf til að álykta nánar sem ekki hefur verið gert. Botndýralíf hefur ekki verið kannað innan sjálfs hafnarsvæðisins. Heppilegra



hefði verið að safna einhverjum upplýsingum um botndýralíf á áætluðu uppfyllingarsvæði. Mikilvægt er að raska ekki sjávarbotni utan framkvæmdasvæðis eins og nefnt er í greinargerðinni.

Í greinargerðinni er talið að framkvæmdirnar munu líklega hafa tímabundin neikvæð áhrif á fugla í formi fælingar á meðan þeim stendur og að á hafnarsvæðinu séu engar mikilvægar fuglabýggðir eða sjófuglabýggðir. Náttúrufræðistofnun bendir á að framkvæmdin mun einnig hafa einhver neikvæð áhrif á fuglalíf eftir að framkvæmdum líkur þar sem náttúrulegri fjöru á svæðinu verður raskað, en þau áhrif eru ólíkleg til að vera mikil. Aukin umsvif á svæðinu vegna breyttrar starfsemi og nýtingar á hafnarsvæðinu gætu einnig haft áhrif á fuglalíf. Í því ljósi væri æskilegt að fylgjast með fuglalífi á svæðinu.

Samkvæmt greinargerð matskyldufyrirspurnar er talið að helstu áhrif á umhverfið geti orðið vegna gruggs og breytinga á hafsbotni á og við framkvæmdasvæðið. Gruggið getur haft áhrif á hrygningu nytjafiska í nágrenni við hafnarsvæðið. Sem mótvægisáðgerð verða engar framkvæmdir sem talið er að geti verið gruggmyndandi tímasettar á hrygningartíma.

Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum þar sem bein áhrif eru ólíkleg til að vera mikil enda framkvæmdasvæðið að stærstum hluta innan núverandi hafnasvæðis. Náttúrulegum fjörusvæðum verður raskað en verndargildi þeirra er ekki metið sérstaklega mikið. Staðbundið gildi fjörunnar er þó líklegt til að vera umtalsvert t.d. með tilliti til útivistar og sem viðkomustaður fugla. Vert er að huga að því að fylgjast með hvernig breytt og aukin umsvif á hafnarsvæðinu geta haft áhrif á lífríki í næsta nágrenni Grundarfjarðar, og er það sérstaklega mikilvægt í ljósi verndarstöðu svæðisins sem hluti af Verndarsvæði Breiðafjarðar.

Virðingarfyllst,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur